

Fræðsluþættir frá Geðhjálp:

Hvað er halóperídól?

Þættinum hefur borist um það ósk hvort ekki sé hægt að vera með fræðslu um þau lyf, sem algengt er að notuð séu fyrir geðsjúklinga og fólk með geðræn vandamál. Okkur er það vel ljóst, að það er mikil nauðsyn að fræða fólk um þessi mál, en jafnframt mikill vandi svo vel sé. Þegar spurt er um, hvaða lyf þetta eru, kemur í ljós, að þar er um mörg lyf að ræða. Eflaust eru þau mis mikið notuð, sum meira en önnur. Við munum reyna að fá sérfræðing til að skrifa grein um geðlyf, flokkun þeirra, notkun, verkan þeirra og annað er varðar þetta. Eitt er það lyf sem virðist vera mikið notað eða svo segja þeir sem legið hafa á geðsjúkrahúsum. Við fengum því dr. Vilhjálm Skúlason, lyfjafræðing, til að skrifa sérstaklega um það lyf, og kunnum við honum bestu þakkir fyrir. Munið svo að láta frá ykkur heyra, allar uppástungur um efni eru vel þagnar. Bless.

— Halóperídól, haldol.^{®R}

Fyrir miðjan sjötta áratug þessarar aldar voru fá góð ráð til gegn

geðsjúkdómum eins og geðklofa. Helstu ráðin voru skurðaðgerðir, insúlínlost, raflost og róandi lyf, sem ekki höfðu sérhæfða verkun. Um 1955 kom fyrsta lyfið á markað, sem hafði miklu sérhæfðari verkun á geðsjúkdóma en þau lyf, sem áður voru þekkt. Þetta lyf er klórprómazín, sem olli byltingu í meðferð geðklofa. Sem dæmi um þau áhrif sem notkun geðlyfa hafði á fjölda geðsjúklinga, sem var vistaður á sjúkrahús í Bandaríkjunum á árabílinu 1946—1976, má nefna, að fjöldi þeirra á árabílinu 1946—1955 fór stöðugt vaxandi úr 462 þúsund í tæp 559 þúsund, en árið 1955 hófst almenn notkun geðlyfja þar í landi. Á árabílinu 1955 til 1976 hefur þessi fjöldi farið minnkandi frá ári til árs og var tæp 171 þúsund 1976. Síðan klórprómazín var uppgötvað hafa mörg afbrigði þess verið framleidd, en árið 1958 kom í ljós þegar rannsókuð voru lyf, er höfðu sterkari verkastillandi verkun en petidín, að eitt þessara lyfja, halóperídól, hafði hliðstæða verkun og klórprómazín. Það kom fyrst á markað í Belgíu undir sérheitinu haldol.^{®R}

Í öllum meginatriðum er verkun klórprómazíns og halóperídóls hliðstæð, en þó er róandi verkun halóperídóls minni. Halóperídól er notað gegn geðshræringu, æði, árásarhneigð og skynvillum, sem eru samfara bráðri og langvarandi geðveiki svo sem geðklofa og sál-sjúkum viðbrögðum, sem stafa af heilaskemmdum. Halóperídól hefur einnig uppsölustillandi verkun, en bæði áhrif þess á geðsjúkdóma og uppsölu eru talin stafa af því, að lyfið getur komið í veg fyrir áhrif dópamíns, sem er eitt af mörgum boðefnum í heila, en boðefni stjórna bæði andlegri og líkamlegri starfsemi. Breyting á magni boðefna getur því haft viðtæk áhrif.

Halóperídól er venjulega tekið í inntöku í töfluformi eða dropum. Það frásogast vel frá meltingargöngum og hefur langa verkun þannig að nægilegt er í mörgum tilvikum að taka það inn 1—2 sinnum á dag. Ýmsar hjáverkanir geta fylgt í kjölfar notkunar halóperídóls.

Sú helsta er ósjálfráðar hreyfingar, sem lýsa sér sem stífleiki og skjálfti, en líkist Parkison-sjúkdómi og eirðarleysi. Tíðni þessara hjáverkana er mjög mikil og er áberandi jafnvel hjá ungum einstaklingum, en hægt er að nota lyf til þess að sniðganga þær. Af öðrum hjáverkunum má nefna meltingartruflanir, geðdeyfð, þjóg, svita, munnþurrk, lágan blóðþrýsting, hraðan hjartslátt, höfga, og truflun á aðlögun augna.

Heilræði vikunnar: Förum okkur hægt.